

Fundir vegna vinnslu aðalskipulags Garðabæjar

Dags: 01.12.2015

Kl: 17-19

Staður: Flataskóli, Garðabæ

Fulltrúar Garðabæjar: Sigurður Guðmundsson, formaður skipulagsnefndar

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Fulltrúar ráðgjafa: Bergþóra Kristinsdóttir, samgöngusérfræðingur - EFLA

Eva Dís Þórðardóttir, skipulagsfræðingur - EFLA

Yngvi Þór Loftsson, landslagsarkitekt – Landmótun

Margrét Ólafsdóttir, land- og stjórnsýslufræðingur - Landmótun

Dagskrá:

1. Sigurður Guðmundsson opnar fundinn
2. Þráinn Hauksson kynnir deiliskipulag Heiðmerkur
3. Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsfulltrúi kynnir hugmyndir fyrir verndarsvæði, útivist og íþróttir vegna aðalskipulagsvinnu
4. Umræður

1. Sigurður Guðmundsson opnaði fundinn og gerði fundargestum grein fyrir dagskrá fundarins. Sigurður sagði frá því að fundurinn yrði tvískiptur fyrst færi Þráinn Hauksson yfir deiliskipulagstillögu Heiðmerkur og í kjölfarið færi Arinbjörn Vilhjálmsson yfir hugmyndir vegna aðalskipulagsvinnu.
2. Þráinn Hauksson fór yfir deiliskipulagstillöguna sem er á forkynningarstigi
 - Inngangur/forsendur
 - Afmörkun svæðisins og eignarhald
 - Meginmarkmið og viðfangsefni
 - Tenging við Garðabæ
 - Uppskipting svæðisins – Vífilsstaðahlíð, Vífilsstaðavatn, Grunnuvötn, Hjallaflatir, Sandahlíð.
 - Aðgengi – getur verið þó nokkur örtröð að svæðunum
 - Hæðarlega
 - Línuvegurinn skiptir svæðinu í tvennt
 - Jarðfræði sprungur og klappir
 - Gróðurkort – unnið af Náttúrufræðistofnun
 - Skógur og kjarr
 - Fuglalíf
 - Núverandi mannvirki raflínur og stígar
 - Minjar – deiliskráning
 - Mest landmerki (vörður)
 - Verndarsvæði
 - Friðland
 - Hverfisvernd
 - Vatnsvernd
 - Breytt skv. skilgreiningu á vatnsvernd í svæðisskipulags
 - Landslagsrými
 - Frumdrög skipulags
 - Gefa svæðunum hlutverk t.d. Vífilsstaðavatn friðlandið grænt svæði sem tengir byggðina og er með auðugt lífríki
 - Tengja svæðin saman mikilvægt – stuttar vegalengdir og leiðirnar liggja í raun í landinu
 - Deiliskipulagstillaga – skipulagsuppráttur

- Stígur frá Kaldárseli og yfir tilX
- Mismunandi stígar sem hafa mismunandi breiddir eftir flokkun
- Línuvegurinn gerður akfær sérstaklega hugsað fyrir þá sem eiga erfitt með gang
- Einnig gert til að tryggja öryggi t.d. vegna skógarelda
- Fór einnig yfir skýringarupprætti
 - Skipt upp í gönguhringi
 - 3D myndir af mismunandi sjónarhornum
 - Myndir af áherslu svæðum
 - Vífilsstaðavatn hlið inn í Heiðmörkina, skilmálar verða um að leyfilegt sé að byggja fuglaskoðunarskýli
 - Skógargarður í Vífilsstaðahlíð
 - Útilífsmiðstöðin sem hægt er að nýta sem samkomustað með tengingu við stígakerfið. Það má búa til betra skjól með skógrækt við bílastæðið

3. Arinbjörn fór yfir hugmyndir að stígum, íþróttasvæði, opin svæði og friðlönd.

- AV fór yfir áherslur sem Sigurður benti á. Verið sé að halda í tvo fundi sem báðir snerta aðalskipulag en einnig deiliskipulag.
- Aðalskipulagsferli skiptist í nokkur stig. Fyrst er skipulagslýsingarstig og síðan hugmyndastigið sem er í gangi núna.
- AV gerði grein fyrir því að núna sé verið að nefna það sem er til skoðunar en engar ákvarðanir hafa verið teknar. AV benti á að nú væri tíminn til þess að koma með ábendingar.
- AV tók fram að núna sé verið að leita álits íbúa og hvatti hann fundarmenn til þess að koma með ábendingar og athugasemdir.
- AV fór yfir hvernig aðalskipulagið er unnið s.s. að aðalskipulagsráðgjafar vinna tillögunni í samstarfi með skipulagsnefndinni og bæjarstjórn.
- Farið var yfir uppbyggingu stígakerfisins og hvernig það er flokkað.
 - Engar stórar breytingar eru á stígakerfinu.
 - Það sem er nýtt snýr að flokkun stíga eins og samgöngustígur sem á að vera meðfram helstu stofnbrautum stígurinn er ætlaður t.d. þeim sem nýta hjólréiðar sem samgöngumáta en einnig gangandi vegfarendum. Þessir stígar eru 3 m breiðir, malbikaðir og upplýstir.
 - Stofnstígar liggja um allt sveitarfélagið álíka í uppbyggingu og samgöngustígar.
 - Útivistarstígar, endurspeglast í deiliskipulaginu fyrir Heiðmörk sem farið var yfir.
 - Reiðstígar liggja í upplandinu og úti á Álftanesi. Garðahverfið hefur einnig reiðstíga skv. deiliskipulagi sem er í gildi þar.
 - Á Álftanesi eru reiðstígar sem einnig hafa verið nýttir sem útivistarstígar

- Ofanbyggðavegurinn og hvernig hann kemur til með að vera hefur áhrif á marga þætti eins og hvernig tengjum við veginn við bæinn, hvaða áhrif hefur hann á útivistarsvæði í upplandinu og þá sérstaklega Vífilsstaðavatn og nágrenni.
- Friðlýsingar skv. náttúruverndarlögum í Garðabæ verða um 40% af landsvæði sveitarfélagsins. Í framhaldinu þarf síðan að deiliskipuleggja þessi svæði svæðin. Hugmyndin er að halda í hraunleiðirnar sem liggja innan sveitarfélagsins. Heilmikil hverfisvernd er á Álfanesi sem mögulegt er að færa síðan yfir í friðlýsingar, þetta þarf að ræða.
- Breytingar hafa orðið á vatnsverndarsvæðum innan sveitarfélagsins. Breytingarnar gáfu t.d. tækifæri til að friðlýsa Vífilsstaðavatn. Eftir að vatnsverndin breyttist gáfust ýmis tækifæri til að nýta svæðin sem áður voru háð vatnsverndinni þetta eru svæði eins og Grunnuvötn.
- Mikið af fornleifum liggja innan sveitarfélagsins og má glögg sjá hvar fólk bjó áður ef litið er til þéttleika fornleifa t.d. á Garðaholti. Í þessari aðalskipulagsvinnu á eftir að skrá fornleifar fyrir Álfanes.
- Íþróttasvæðin haldast óbreytt s.s. þau sem þegar eru uppbyggð. Hugmyndir eru um ný svæði í framtíðinni í tengslum við næstu svæði sem fara í uppbyggingu eins og Garðaholt og Vetrarmýri (tengslum við uppbyggingu Hnoðraholt).
- Innan sveitarfélagsins eru nokkrir golfvöllir.
 - Álfanes
 - Núverandi golfvöllur er víkjandi á núverandi stað skv. gildandi aðalskipulagi.
 - staðsetning við Bessastaðatjörn er inni á gildandi aðalskipulagi.
 - Selskarðssvæðið er kostur sem er verið að skoða.
 - Golfvöllur við Hnoðraholt
 - Horfa þarf til uppbyggingar á Vífilsstaðasvæðinu og meta hvernig golfvöllurinn gæti þróast með því svæði.
 - Flókin staða á svæðinu t.d. vegna eignarhalds.
 - Er hægt að flytja hluta vallarins nær vatninu og taka þá neðri hluta af honum undir byggð í tengslum við Hnoðraholtið?
 - Hugmyndir hafa verið um að skilgreina golfvallarsvæðið ásamt Hnoðraholti sem þróunarsvæði.
 - Golfklúbburinn Oddur
 - Klúbburinn hefur kynnt sínar hugmyndir fyrir Garðabæ. En það er nákvæm greining á svæðinu.
 - Tækifæri til að tengja völinn við náttúruna á svæðinu. Hvernig spilar þetta inn í fyrirhugaðar áætlanir um friðun svæðisins sem fólksvangs? Hvernig spilar þetta tvennt saman? Það þarf að finna leið fyrir það?
 - Hesthúsahverfi
 - Á Álfanesi kom skýrt fram hvernig sveit í borg var skilgreind og mun það verða tekið inn í næstu skref við vinnslu aðalskipulagstillögunnar.

- Mikilvægt að fá umræðu um þessi málefni til að móta tillögu sem sáttn mun ríkja um.
- Kirkjugarðar
 - Kirkjugarður í Görðum er ekki stór og ekki er gert ráð fyrir mikilli stækkun.
 - Ekki mikil tækifæri til þess að stækka hann mikið, vegna varðveislugildis byggðamynsturs sem sett var fram í gildandi deiliskipulagi svæðisins.
 - Smalaholt er möguleiki fyrir nýjan garð en þetta þarf að ræða við helstu hagsmunaaðila.

4. Umræður og fyrirspurnir

Forkynning deiliskipulags Heiðmerkur	
Spurningar	Svar
Halldór Harðarson f/ Sprett: Skipulagið við Kjóavallasvæðið það rímar ekki við Kjóavalla deiliskipulagið. Það er reiðleið við deiliskipulagsmörkin sem á svo að fara í undirgöng undir Elliðaárvatnsveg. Reiðstígurinn fari austar s.s. fjær veginum. Eins og þetta er þarna er meiri hætta á að þar fari óæskileg ökutæki inn á svona stíg.	
Kjartan Örn: Eru skilgreind tjaldstæði innan svæðisins? Emil: Hugtakið útilífsmiðstöð hvað fellst í því? Er þetta ekki aðstaða fyrir almenna bæjarbúa?	Ekki formlega – það hefur ekki verið talað um tjaldstæði fyrir ferðamenn Þráinn: Skátastarf sem fer þarna fram s.s. samstarf á milli þeirra og Garðabæjar – leikskólar og skólar geta nýtt svæðið til kennslu t.d. Sigurður: Ekki til útleigu fyrir almenning. Gunnar: Þarna gæti verið heitt kakó og vöffur um helgar sem skátarnir héldu utan um. Bæjaryfirvöld gáfu skátunum á sýnum tíma eitt stk. Útilífsmiðstöð í afmælisgjöf
Hannes: Hver voru helstu rökin fyrir því að hafa þessa miðstöð ekki við flatirnar. Þetta er í hjarta óbyggðasvæðisins þarna er verið að beina umferð að. Stærsta mannvirki Heiðmerkur sem er í hjarta Heiðmerkur og á ósnortnu svæði.	Þráinn: Vegna vatnsverndar, þar er ekki leyfilegt að byggja mannvirki með klóaki Arinbjörn: Ekki bara vatnsvernd heldur einmitt að hafa svæði eins ósnortið.
Spurningar eftir kynningu um aðalskipulag Garðabæjar	
Spurningar	Svar

Athugasemd [EDP1]: Arinbjörn þarf að fara yfir þetta. Ég þekki ekki til málsins reyndi að rita þetta eftir bestu getu.

Sæmundur: Langar að spyrja um stofnbrautir, hver greiðir fyrir stofnbrautir er það ekki ríkið? Hefur bærin eitthvað með legu þeirra að segja. Er hver bær að vinna að legu stofnbrautanna og í engu samráði við hina. Sundlaugin hér Ásgarði er ekkert hægt að stækka hana?	Gunnar: Vegagerðin greiðir stofnbrautir. Þeir munu t.d. gera athugasemdir við að við séum að færa Ofanbyggðavegin. Þeir munu hafa skoðun á legu hennar. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins eru meginlínurnar lagðar hvað varðar stofnbrautir. Arinbjörn: Við höfum verið í samráði við Vegagerðina og þeir eru jákvæðir fyrir hugmyndum okkar um Ofanbyggðavegin. Sveitarfélagið hefur síðan ávalt skipulagsvaldið. Gunnar: Ekki gert ráð fyrir stækkun sundlaugarinnar en á fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir endurbótum, t.d. gufubaði o.fl. Arinbjörn: Á aðalskipulagsstigi þá er hægt að sjá fyrir sér sundlaugar við íþróttasvæðin t.d.
Júlía: Stækkun golfvallarins Odds, er verið að tala um að fara yfir hraunbreiðuna sjálfa? Hrauntröðin er náttúruundur á heimsvísu, Oddfellowar hafa nægt land er ekki hægt að stækka í aðra átt?	Arinbjörn: Þetta er framhald af hrauntröðinni já, en þetta er bara það sem er í umræðu og var ósk frá landeigendum.
Hannes: Geng mikið um þetta svæði en mér finnst ekki góð hugmynd að stækka út í hraunbreiðuna. Betur stöðd að hafa stíga um svæðið því það er staðreynd að golfvelli eru aflokað svæði sem ekki er opið fyrir almenning nema vera meðlimur í klúbbum. Ég geng einnig mikið um Heiðmörk og það er sprenging í nýtingu svæðisins.	Ingjaldur fyrir landeigendur (Oddfellowa): ISOR gerði skýrslu fyrir okkur þar sem m.a. var farið yfir náttúruminjar o.fl.. Þar kom skýrt fram að þessi stækkun golfvallarins eyðileggur ekki náttúruminjar. Stígar verða gerðir og engar breytingar á því. Þarna munu kannski spila 100 manns golf á hverjum degi. Golfarar eru hluti af samfélaginu.
Sigurður Skógrækt Garðabæjar: Verða þessi kort aðgengileg á netinu? Verið að setja hluta af mögulegum kirkjugarði á hluta skógræktar svæðis og hluti golfvellingum líka. Ég vil sjá hvar þetta er og hvar okkar landamörk eru! Ég mætti á fundinn í síðustu viku og var bent á að koma í dag því rætt yrði um hjólastíga. En hjóltreiddastígur meðfram strandlengjunni sérstaklega út fyrir Arnarnesið og eins langt inn á Álftanes væri mikill kostur. Þetta er komið á stæsta hluta strandlengjunnar í Reykjavík. Það er mikið sótt í þessi svæði sem hafa gott aðgengi fyrir hjóltreiddamenn og gangandi.	Sigurður: Já þær verða aðgengilegar. Arinbjörn: Tek það fram að við erum bara með bollur inni á uppdrættinum s.s. litaða hringi því nákvæm staðsetning hefur ekki verið ákveðin eða þá hvort þessir reitir verði nýttir undir kirkjugarð eða golfvöll. Sigurður: Á Arnarnesi er í gildi deiliskipulag. Þar er gert ráð fyrir grænum stíg s.s. ekki malbikaður stígur. Gunnar: Ekki sem stofnstígur heldur sem útivistarstígur.
Kjartan Örn: Mér finnst Löngusker vanta inn á aðalskipulag Garðabæjar. Garðabær á að gera tilkall til þeirra og sækjast eftir að fá	Sigurður: Við erum að hugsa þetta, sérstaklega með tenginguna frá Vífilstaðavegi upp í Kópavog.

þau inn.	Ég vil samt enn og aftur nefna mikilvægi þess að við þurfum að tryggja betri almenningssamgöngur á stofnbrautum. Við eigum líka að hugsa hvað nágranna sveitarfélög eru að gera. Mislæg gatnamót t.d. í Reykjavík sem slegin eru út af borðinu hefur áhrif á umferð í Garðabæ. Þetta hangir allt saman.
Umræðan um Ofanbyggðavegin á réttri leið. Ég ætla samt að lýsa áhyggjum mínum að bæta umferð frá Álfanesveginum inn á stofnæðar sem fara í gegnum Garðabæ. Við höfum ekki skipulagt okkur nógu vel með samgöngur í gegnum Garðabæ.	
Aukin umferð vegna nýja Arnarnesvegjar, hætta á að gatnamótin við Arnarnes springi, hvað á að gera þar? Arnarnesvegur inn í Kópavog erum við að búa til tappa upp á mislægu gatnamótunum. Munu efri byggðir í Kópavogi ekki nýta sér þessa tengingu og fara í gegnum Garðabæ?	
Hjólaleið meðfram allri strandlengjunni! Á uppdrætti áðan sást að við Skógtjörnina er teiknaður stígur á hann að vera malbikaður? Það eyðileggur strandlengjuna að fá malbikaðan stíg. Ætti frekar að vera útivistarleið.	Arinbjörn: Það er á malbikaður stígur á gildandi aðalskipulagi. En t.d. eru eingöngu malarstígar við strandlengjuna í Garðahverfi. Kannski ætti þetta að vera þannig hjá Skógtjörninni? Á sumum stöðum er búið að eyðileggja fjörunnar með stígum þetta þarf allt að meta og skoða.
Unnsteinn: Hverfisvernd við Grunnuvötn - er hún ný? Er til skoðunar að stækka hana upp í hliðarnar? Með breytingum á stofnbrautinni hefur það áhrif á aðgengi inn á Víflsstaðavegin?	Arinbjörn: Hverfisverndin var sett á 2007 þegar að Víflsstaðavatn var friðlýst hún var metin sem hluti af vatnasviði Víflsstaðavatns. Það eru ákveðnir skilmálar t.d. um verndun menningaminja (Víflsstaðasel). Það er verið að viðhalda verndinni í þessum hugmyndum. Nei aðgengið verður eins og það er í dag. Vegurinn verður í svipaðri mynd og hann er í dag.
Sæmundur: Hvar verður fjölnotahúsið?	Gunnar: Við erum að skoða minna hús hér á Ásgarðssvæðinu. Það hefur verið ósk íþróttafélagsins að hafa stórt hús. Nú er verið að skoða hálft hús með tengibyggingu við sundlaugina. Vorið 2017 er áætlað að hefja framkvæmd við hálft knatthús. Fyrst skrefið er að vinna deiliskipulag af svæðinu og ræða það og taka afstöðu í málinu í gegnum það.
Erla Bil: Fagna deiliskipulaginu fyrir Heiðmörk. Perla skógræktarfélagins er Smalaholt. Það heitir hinsvegar ekki Smalaholt sem þið eruð að ræða um að setja kirkjugerð heldur Rjúpnadalur og væri alveg kjörið svæði fyrir Kirkjugarð.	Ekki svarað heldur bent á að ábendingar séu ritaðar niður.
Í dag var verið að ganga frá sameiningu skógræktafélaga Garðabæjar og Álfanes. Nú þurfum við að fá reiti úti á Álfanesi til að rækta þar!	
Jörundur: Afskaplega hrifinn af sveit í borg og ríð út og spila golf. Af hverju á að byggja svona mikið. Menn eru óhressir með þetta eftir fundinn á nesinu í síðustu viku. Af hverju þurfið þið allt þetta land? Við vorum búin að skipuleggja t.d. miðbæinn og hellings byggð þar?	Sigurður: Þetta eru bara hugmyndir ekkert meira en það. En núverandi byggð er 770 íbúðir núverandi skipulag gerir ráð fyrir 1000 einingar. Bendir á hagkvæmni vegna skólahverfa. Það er alveg hægt að byggja 1500 -1600 einingar ef maður vill á Álfanesi en ekki þar með sagt að það verði gert.

Við viljum hafa rúmt um okkur. Eigið þið landið sem er við Kasthúsatjörn?	Gunnar: Það er líka verið að hugsa um að nýta land skynsamlega. Það er hægt að byggja t.d. bara 10 raðhús í staðinn fyrir margar blokkir! Þetta verður hinsvegar allt ákveðið í samráði við íbúa. Til dæmis er ekkert athugavert að setja niður blokkir í áttina að hesthúsasvæðinu t.d. 2 blokkir. Annaðhvort þróast hesthúsahverfið áfram eða það vikur fyrir byggð í framtíðinni? Kannski vill einhver fara upp á Kjóavelli. Við þurfum líka að nota og nýta þá þjónustu sem við höfum á Álftanesi og það er ekki að nýtast miðað við íbúafjölda í dag. Við eigum hluta af landinu við Kasthúsatjörn.
Sæmundur: Golfvöllurinn á Álftanesi er góður og hefur þróast náttúrliga. Það er allt í lagi að hafa einhverjar velli sem ekki eru keppnisvelli!	Gunnar: Það þarf að horfa til þess hverjir eiga landið. Völlurinn er víkjandi og það vita það allir. Landeigandi hefur óskað eftir því að hann fari og það verði nýtt undir íbúðabyggð.
Hannes: Hvað með landið á Bessastöðum?	Gunnar: Ríkið á þetta land og það er ósk forsetans að hafa það svona s.s. óhreift.

Sigurður lokaði fundinum og þakkaði fundargestum fyrir að gefa sér tíma til að mæta. Sigurðurð hvatti fundarmenn til að senda inn athugasemdir og ábendingar fyrir 11. janúar 2016 á heimasíðu bæjarins eða skriflega.

Fundi slitið kl: 19:00